

Nd.

170. Nefndarálit

[73. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 80 7. sept. 1942, um kosningar til Alþingis.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar.

Frv. þetta miðar yfirleitt í þá átt að gera skýrari og ákveðnari fyrirmæli gildandi kosningalaga um takmörkun áróðurs á kjördegi og þá sérstaklega að koma í veg fyrir áróðursstarfsemi á kjörstað. M. a. er í frv. glögglega mælt fyrir um, hvenær kjörfundi skuli slíta. Er þá, ef frv. verður að lögum, komið í veg fyrir, að kosning geti dregið fram yfir miðnætti og þar með fram yfir hinn lögákveðna kjördag. Samkv. frv. ber að slíta kjörfundi eigi síðar en kl. 11 að kvöldi, þó þannig, að þeir, sem þá hafa gefið sig fram á kjörstað, geti greitt atkvæði. Annars staðar á Norðurlöndum virðist kjörfundum yfirleitt vera slitið eigi síðar en kl. 9 að kvöldi, en hefjast í fyrsta lagi kl. 9 að morgni, eins og gert er ráð fyrir í þessu frv.

Nefndin hefur athugað frv., en varð ekki sammála um afgreiðslu þess. Meiri hl. nefndarinnar leggur til, að það verði samþykkt óbreytt.

Alþingi, 16. des. 1957.

Pétur Pétursson,
form.

Gísli Guðmundsson,
fundaskr., frsm.

Gunnar Jóhannsson.